

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins sem var frestað á fundi skóla- og frístundasviðs 23. október 2018:**

Flokkur fólksins leggur til að skóla- og frístundarráð beiti sér fyrir því að menntamálaráðherra hafi samráð við foreldra þegar ákvörðun á samræmdu einkunnakerfi er tekin enda séu það lýðræðisleg vinnubrögð. Ólíkar skoðanir eru í gangi hvað varðar einkunnakerfi/leiðsagnarmat og námsmat og er rétt að kalla kerfisbundið og markvisst eftir viðhorfi og skoðunum foreldra og eldri barnanna einnig. Sumum foreldrum kann að þykja kerfið tölur frá 0 til 10 best en öðrum hugnast ef til vill bókstafir og enn öðrum þykir blanda af hvoru tveggja besti kosturinn. Kerfi einkunnagjafar í grunnskóla þarf að vera í sátt við sem allra flesta sem það varðar, börnin, foreldra og kennara.

Reykjavík, 10. október 2018  
SFS2018030006  
146. fundur  
HG/sv/geb

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Efni:** *Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytt kerfi einkunnagjafar við brautskráningu úr grunnskóla*

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. maí 2018 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

*Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur skorar á menntamálaráðherra að breyta kerfi einkunnagjafar við brautskráningu úr grunnskóla. Meginmarkmið breytinganna verði að gera einkunnagjöf auðskiljanlega og gagnsæja fyrir nemendur, foreldra og kennara. Sérstaklega verði horft til þess hvort unnt sé að taka að nýju upp kerfi þar sem einkunnagjöf byggist á arabískum tölustöfum.*

Tillögunni fylgdi greinargerð.

Skóla- og frístundasvið tekur ekki undir tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að skorað verði á menntamálaráðherra að breyta einkunnagjöf við brautskráningu úr grunnskóla og að aftur verði tekið upp einkunnakerfi sem byggist á arabíslum tölustöfum.

Í aðalnámskrá grunnskóla 2011 (bls. 54) er tilgreint að megintilgangur námsmats sé að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir. Markmiðið með þeim breytingum sem gerðar voru á námsmati með aðalnámskrá grunnskóla 2011 var m.a. að stuðla að áreiðanleika, óhlutdrægni, heiðarleika og sanngirni gagnvart nemendum með því að meta alla þætti náms; þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Eins og fram kemur í aðalnámskrá er rík áhersla á gegnsæi í námsmatinu: Gera skal grein fyrir viðmiðum námsmats og umsagna í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Nemendur, foreldrar, kennarar og aðrir starfsmenn skóla þurfa að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu.

Leiðsagnarmat er jafnframt veigamikill þáttur í námsmati skv. nógildandi aðalnámskrá en það byggist á því að nemendur séu gerðir meðvitaðir um námslega stöðu sína, læri að setja sér markmið í námi og gera sér grein fyrir hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim markmiðum. Einnig er mikilvægt að

nemendum sé ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í námsmatinu þannig að þeir viti hvernig þekking, hæfni og leikni þeirra verði metin.

Nemendur hafa verið brautskráðir eftir nýja kerfinu síðan vorið 2016. Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 gerir jafnframt ráð fyrir að námi í framhaldsskóla sé skipað í fjögur hæfniprep sem skarast annars vegar við grunnskólastig og hins vegar við háskólastig en þrepin lýsa stigvaxandi kröfu um þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Kröfur framhaldsskóla um kjarnagreinar til stúdentsprófs eru einnig byggðar á lágmarkshæfni nemenda og námsbrautir framhaldsskólanna eru byggðar upp út frá hæfniprepum. Núverandi námsmatskerfi grunnskólanna er því í fullu samræmi við uppbyggingu náms og námsmat í framhaldsskólum landsins. Núverandi námsmatsnálgun er því í samræmi við breyttar áherslur í námi og kennslu sem eru ríkjandi í samfélaginu í dag, ekki bara á Íslandi.

Ýmislegt hefur verið gert á undanförunum árum á vegum skóla- og frístundasviðs og/eða með þátttöku þess til að fjalla um áherslur og einkenni námsmatsins og skapa umræður um það meðal foreldra, kennara og skólastjórnenda. Skóla- og frístundasvið hefur staðið fyrir opnum fundum, fundaröðum, námskeiðum fyrir skólastjórnendur og kennara o.fl.

Flestir grunnskólar borgarinnar eru langt komnir með að endurskoða sitt námsmat út frá núgildandi aðalnámskrá og ómæld vinna hefur verið leyst af hendi í því sambandi í öllum grunnskólum landsins. Þeir grunnskólar sem eru með fjölmennar unglíngadeildir, s.s. Réttarholtsskóli, Laugalækjarskóli og Hagaskóli gengu á undan með góðu fordæmi. Skólar í sumum hverfum tóku sig saman og unnu sameiginlega að leiðbeiningum um námsmat fyrir kennara, nemendur og foreldra eins og gert var í Grafarvoginum. Kennarar og skólastjórnendur hafa hins vegar kallað eftir meiri stuðningi, ráðgjöf, leiðbeiningum og verkfærum frá Menntamálastofnun til að takast á við þetta krefjandi verkefni.

Skóla- og frístundasvið mun áfram styðja grunnskóla borgarinnar við þróun námsmats, m.a. með þróunarverkefni um leiðsagnarmat og umræðufundum í samstarfi við skólastjórnendur og Menntamálastofnun þar sem rætt verði um samræmingu á námsmati á milli skóla og fleiri atriði sem brenna á grunnskólum.

Eins og fram kemur í tillögunni er endurskoðun á námsmatskvarðanum ABCD í höndum Menntamálastofnunar. Í stað þess að taka upp fyrra einkunnakerfi og taka þar með skref aftur á bak í þróun námsmats má beina þeirri áskorun til Menntamálastofnunar að veita kennurum og skólafólki stuðning, ráðgjöf, ítarlegri leiðbeiningar og betri verkfæri til að vinna námsmatið með, s.s. skilgreind hæfni- og matsviðmið fyrir alla námsþætti í öllum árgöngum grunnskólans, sýnispróf og verkefni til að leiðbeina kennurum um hvernig búa skuli til hæfnimiðuð verkefni eins og fram kom í tillögu fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 27. febrúar 2018.